



Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir

GUÐRÚN ERLA ÖFJÖRÐ ÓLAFSDÓTTIR

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF Í TÖLUM


Náms- og starfsráðgjöf hefur verið í boði fyrir markhóp FA frá árinu 2006, þeim einstaklingum að kostnaðarlausu. Til markhópsins teljast fullorðnir einstaklingar sem hafa ekki lokið fullu námi frá framhaldsskóla, þ.e. ekki lokið stúdentsprófi, iðnnámi eða sambærilegu námi og þeir sem ekki hafa viðurkennt nám eða viðurkennda færni á sama þrepi til starfa í íslensku samfélagi þótt þeir hafi lokið námi erlendis. Viðtölin eru fjármögnuð af Fræðslusjóði í samræmi við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Alls eru 14 fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um allt land sem sinna náms- og starfsráðgjöf fyrir markhópinn. Boðið er upp á einstaklingsviðtöl og hópráðgjöf, kynningarfundi á vinnustöðum, viðtöl í tengslum við raunfærnimat og fleira.


Á tímabilinu 2006–2017 voru tekin samtals 95.343 ráðgjafarviðtöl, árið 2006 var fjöldi viðtala 1.231 og árið 2017 voru þau 8.690. Eftirspurnin eftir ráðgjöf um nám og störf hefur aukist jafnt og þétt hjá markhópnum og hafa viðtölin verið í kringum 9.000 á ári síðustu árin. Fjöldi ráðgjafarviðtala náði hámarki árið 2013 þegar þau voru 11.089 en það má að hluta til skýra af úrræðum sem voru í boði vegna efnahagskreppunnar.

Árið 2006 buðu níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar upp á ráðgjöf fyrir markhópinn, þrjár til viðbótar bættust við árið eftir, ein bættist við árið 2010 og sú fjórtánda árið 2015. Hér má sjá myndrænt yfirlit yfir fjölda viðtala á hverja miðstöð frá árinu 2006.

Mynd 1. Fjöldi ráðgjafarviðtala 2006–2017



Mynd 2. Fjöldi ráðgjafarviðtala eftir fræðslu- og símenntunarmiðstöð 2006–2017



Tafla 1. Fjöldi ráðgjafarviðtala árin 2006–2017

Fræðsluáðilar	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Austurbrú	38	203	333	331	686	484	452	294	274	245	138	262
Farskólinn á Norðurlandi vestra	43	111	123	225	236	129	91	175	293	294	257	276
Framvegis – miðstöð símenntunar ehf.										137	273	231
Fræðslumiðstöð Vestfjarða		268	129	195	472	451	394	331	429	406	403	397
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	134	240	180	394	479	583	622	657	777	454	716	701
Fræðslusetrið Starfsmennt					173	246	285	201	286	326	85	39
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins		396	242	230	525	298	509	357	465	471	370	454
IDAN fræðslusetur		775	616	1.068	1.722	2.254	2.305	2.990	2.421	2.216	2.757	1.841
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	136	227	289	1.375	2.102	1.870	1.319	1.223	1.354	906	846	829
Mímir – símenntun	642	760	995	1.759	2.446	2.827	2.588	3.039	2.418	1.324	1.322	1.523
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	33	314	174	330	810	611	368	384	525	528	412	521
Símey	94	337	280	501	616	555	688	867	635	766	929	736
Viska	56	170	100	119	190	158	150	165	170	220	181	302
Þekkingarnet Þingeyinga	55	159	196	240	342	402	446	406	359	323	354	578
Samtals fjöldi viðtala	1.231	3.960	3.657	6.767	10.799	10.868	10.217	11.089	10.406	8.616	9.043	8.690


Tvær þessara miðstöðva sinna nær eingöngu iðngreinum en hinar sinna öðrum starfsgreinum. Skiptingu viðtala hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina og símenntunarmiðstöðva má sjá nánar á töflu 1.

Nánari skráning á ráðgjafarviðtölum, önnur en fjöldi þeirra og hjá hvaða fræðslu- og símenntunarmiðstöð viðtalið var tekið, var ekki framkvæmd fyrir árin 2006 og 2007. En eftir það hefur ítarlegri upplýsingum um viðtölin verið safnað sem gefa gleggri mynd af markhópnum sem sækir þessa þjónustu.

HLUTF ALL KYNJA

Frá því að mælingar hófust hafa karlar verið í örlitlum meirihluta þeirra sem sækja ráðgjafarviðtöl, fyrir utan árið 2008. Þetta má skýra af fjölda þeirra sem sækja raunfærnimat en þar eru karlar í meirihluta. Náms- og starfsráðgjöf er hluti af raunfærnimati.


Mynd 3. Kynjahlutfall ráðþega 2006–2017



ALDUR RÁÐÞEGA

Meirihluti þeirra sem sækja sér náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum eru á aldrinum 26–40 ára og hefur hlutfall þess aldurshóps haldist nokkuð jafnt frá byrjun þessa úrræðis.

Mynd 4. Aldursbil ráðþega 2006–2017




MENNTUNARSTIG

Menntunarsstig þjóðarinnar hefur hækkað samkvæmt [frétt Hagstofunnar](#) frá 20. apríl 2018. Þar segir að háskólamenntuðum landsmönnum á aldrinum 25–64 ára hafi fjölgað um 14,7% frá árinu 2003 og að á sama tíma hafi þeim fækkað sem hafa eingöngu lokið grunnenntun um rúmlega 11 prósentustig.

Meirihluti einstaklinga sem koma í náms- og starfsráðgjöf falla innan markhóps FA, þ.e. fullorðnir einstaklingar sem ekki hafa lokið framhaldsskóla eða sambærilegu námi. Árið 2008 höfðu 63% notenda aðeins lokið grunnskóla eða hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið því. Árið 2017 var hlutfall þeirra 84%. Menntunarsstig notenda var ekki skráð árin 2006 og 2007.


Mynd 5. Menntunarsstaða ráðþega 2006–2017



ST AÐA Á VINNUMARKAÐI

Þegar skoðuð er staða ráðþega á vinnumarkaði kemur í ljós að hlutfall þeirra sem voru atvinnuleitendur og/eða komu í náms- og starfsráðgjöf í gegnum VMST hækkaði mikið á árunum 2009–2013 en þeir voru 57% ráðþega árið 2010. Árið 2017 er þetta hlutfall orðið 11% af heildarfjöldanum. Að sama skapi fækkaði þeim sem voru í starfi á árunum 2009–2013 og lægsta hlutfall var 29% notenda árið 2010. Hins vegar var 70% notenda þjónustunnar í starfi árið 2017. Þeim sem eru í starfsendurhæfingu fjölgaði úr 3% í 8% á milli árunna 2016 og 2017 en á sömu árum fækkar atvinnuleitendum en það sýnir mögulega ákveðna þróun í þessum hópi.

Mynd 6. Staða ráðþega á vinnumarkaði 2006–2017




ÞJÓÐERNI


Íslendingar hafa verið um 90% þeirra sem sækja þjónustu náms- og starfsráðgjafa framhaldsfræðslunnar. Árin 2006 og 2007 var þetta ekki skráð og árin 2008 og 2009 var þjóðerni ekkiskilgreint nánar en í erlenda ríkisborgara og Íslendinga. Frá 2010 var farið að skrá ríkisfang ráðþega og því er hægt að skilgreina þjóðerni nánar. Hér eru Pólverjar teknir til sérstaklega þar sem þeir eru fjölmennastir erlendra ríkisborgara sem búa á Íslandi.

Árið 2017 sker sig úr bæði vegna þess að fjöldi erlendra ríkisborgara sem sækja þessa þjónustu er að aukast og einnig því þá var tekið upp nýtt skráningarkerfi fyrir framhaldsfræðsluna, Inna, sem gefur mun nákvæmari mynd á t.d. þjóðerni ráðþega.


Mynd 7. Þjóðerni ráðþega 2008–2017



Mynd 8. Menntunargstig og þjóðerni



Mynd 9. Staða á vinnumarkaði og þjóðerni



Tafla 2. Ráðþegar eftir þjóðerni 2017

Ísland	85,6%
Pólland	6,8%
Danmörk	0,5%
Filippseyjar	0,5%
Litáen	0,9%
Lettland	0,5%
Eistland	0,5%
Önnur lönd	4,8%

Árið 2017 voru Íslendingar 86% allra notenda þjónustunáms- og starfsráðgjafa, Pólverjar 7% og aðrir erlendir ríkisborgarar 8%.

Fjölmenntu þjóðernin árið 2017 má sjá á töflu 2.

Meirihluti notenda þjónustunnar, hvort sem það eru Íslendingar eða frá öðrum löndum, eru innan markhóps framhaldsfræðslunnar eins og áður hefur komið fram.


Sem dæmi eru 56% Íslendinga, 55% Pólverja og 50% notenda frá öðrum löndum með menntunsemsvarar að hafa hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið því. Hins vegar er athyglisvert að sjá að 38% erlendra ríkisborgara, annarra en Pólverja, eru aðeins með grunnskólapróf á móti 25% Pólverja og 19% Íslendinga. Þetta sést nánar á mynd 8.

Ef skoðuð er staða á vinnumarkaði má sjá að meirihluti Íslendinga, Pólverja og annarra erlendra ríkisborgara eru í starfi. Athygli vekur hversu hátt hlutfall þeirra Pólverja, sem sækja þessa þjónustu, eru í atvinnuleit eða 34,8%.


ÁSTÆÐUR VIÐTALA

Ástæðum þess að einstaklingar sækja þessa þjónustu er skipt upp í nokkra flokka og má sjá yfirlit fyrir árin 2014–2017 á mynd 10. Meirihlutinn sækir þjónustuna að eigin frumkvæði eða um 57% að meðaltali, þá koma um 14% að meðaltali eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun og um 7% eru í viðtölum vegna raunfærnimats.

Mynd 10. Ástæður viðtala



Mynd 11. Niðurstaða viðtala 2016–2017



NIÐURSTÖÐUR VIÐT ALA

Skráning á niðurstöðum viðtala er skipt upp í allmarga flokka og því eru hér aðeins skoðuð árin 2016 og 2017. Meirihluti viðtalanna eru vegna raunfærnimats, um 20%, eða til upplýsinga um formlegt nám, um 17% en einnig er algengt að viðtalið gangi út á aðstoð við starfsleit (tæp 9%) eða sjálfsstyrkingu um 9,5%.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur lagt áherslu á að þróa náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar þar sem horft er til þess að mæta þörfum hvers og eins í samræmi við viðhorf, hugmyndir og gæðakröfur í framhaldsfræðslu. Ráðgjöfin er einn af lyklunum að því að ná til markhópsins og tengja þá við viðeigandi tækifæri í námi og starfi. Þegar rýnt er í tölfræðina má sjá að þjónusta náms- og starfsráðgjafa er vel nýtt af þessum hópi og hugsanlega má draga þá ályktun að hún eigi sinn þátt í að hækka menntunarstig þjóðarinnar.

UM HÖFUNDINN

Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Helstu verkefni Guðrúnar hjá FA tengjast úrvinnslu tölfræðigagna, kynningarmálum, upplýsingasöfnun meðal samstarfsaðila og verkefnastjórn.